

Liður	Málstr.	stofnvara	Jarðstrengur		Loftlina	
			Lágmark kr.	Yfirlengd kr. á m.	Lágmark kr.	Yfirlengd kr. á stólpa
1.	25	1-fasa	—	—	1 200.00	1 600.00
2.	60	3-fasa	—	—	2 400.00	2 800.00
3.	60	3-fasa	3 800.00	220.00	—	—
4.	100	3-fasa	4 900.00	250.00	—	—
5.	200	3-fasa	9 900.00	410.00	—	—
6.	350	3-fasa	17 400.00	560.00	—	—

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu stytztu greiðfæra leið til varkassa. Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í notendalínu við götu, stytztu greiðfæra leið að varkassa.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI

- Sértaxtar hækka hlutfallslega eins og þeir taxtar, sem þeir byggjast á.
- Söluskattur er innifalinn í verðinu.
- Frá og með 1. marz 1972 innheimtist söluskattur ekki af raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Akureyrar nr. 76 19. janúar 1970 með síðari breytingum.

lðnaðarráðuneytið, 15. júní 1972.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

15. júní 1972.

Nr. 153.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1972.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest grundvallarverð á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1972:

Stórfiskur nr. 1	kr. 71.00
Millifiskur nr. 1	— 66.20
Smáfiskur 40/60 nr. 1	— 58.25
Smáfiskur 60/100 nr. 1	— 53.85

Verð á öðrum gæðaflokkum skal ákveðið í hlutföllum, söluverða.

Verð þessi eru f.o.b.

Verðbil verði 2.5% miðað við verðhækkun eingöngu. Greiðslur í sjóðinn miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. júní 1972.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.